

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um eignarhluti ríkisins
og meðalvaxtakostnað á lántökum.

Frá Helga Hjörvar.

1. Hvert var bókfært verðmæti eignarhluta ríkisins í eftirtöldum fyrirtækjum miðað við ársreikninga þeirra eins og þeir voru annars vegar í árslok 2009 og hins vegar í árslok 2013:
 - a. Landsbankanum,
 - b. Arion banka,
 - c. Íslandsbanka,
 - d. Landsvirkjun,
 - e. Orkusölunni,
 - f. Orkubúi Vestfjarða,
 - g. Landsneti,
 - h. Rarik,
 - i. Farice,
 - j. Isavia (miða skal við 1. janúar 2010 í stað 31. desember 2009),
 - k. ÁTVR,
 - l. Íslandspósti?
2. Hve miklar voru arðgreiðslur frá framantöldum fyrirtækjum til ríkisins sem eiganda á árunum 2010–2013, sundurliðað eftir fyrirtækjum og árum?
3. Hver var meðalvaxtakostnaður ríkissjóðs á lántökum á árunum 2010–2013, sundurliðaður eftir árum?

Í svari við 1. og 2. tölul. er óskað eftir upplýsingum þannig fram settum að eignarhlutir í fyrirtækjunum innbyrðis séu ekki tvítaldir.

Skriflegt svar óskast.